

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**869. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 12. maí 2015 kl. 17:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Fundinn sátu:**

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

**Embættismenn:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

**Fundarritari:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

**Afgreiðslur:**

1. **1504042 Skólaakstur: niðurstaða úr opnun tilboða í skólaakstur árin 2015/2016 – 2018/2019.** Lögð fram og yfirfarin tilboð sem bárust í skólaakstur fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra skólaárin 2015/2016 til 2018/2019. Byggðarráð samþykkir að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.
2. **1505008 Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna: starfsskýrsla 2014 og framkvæmdaskýrsla 2015.** Lagt fram til kynningar.
3. **1505009 Selasetur Íslands, starfsskýrsla og ársreikningur fyrir árið 2014.** Lagt fram til kynningar.
4. **1505006 Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra dags. 12.3.2015.** Lagt fram til kynningar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

5. **1504120 Lagt fram erindi Sýslumannsins á Norðurlandi vestra** frá 18. mars sl. þar sem óskað er umsagnar vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Stefán Hafliði Aðalsteinsson f.h. North Star Apartments sækir um leyfi til að reka gististað í flokki V (hótel) að Staðarflöt, Brú í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
6. **Frístundastarf í júní – tilraunaverkefni í sumar.** Húnaþing vestra hefur í samstarfi við Umf. Kormák ákveðið að gera tilraun með frístundastarf í júní fyrir börn fædd á árunum 2008 – 2003 (1. – 6. bekk) í húsnaði grunnskólans á Hvammstanga. Lagt

fram til kynningar. Byggðarráð samþykktir gjaldskrá fyrir vistun þar sem um tilraunaverkefni er að ræða.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:46

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Elín R. Líndal

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

---

Guðný Hrund Karlsdóttir